



Borgarráð

Laugavegur, endurbætur við Frakkastíg.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna breytinga á gatnamótum Frakkastígs og Laugavegar.

Kostnaðaráætlun 2 er 20 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er apríl – maí 2022.

Greinargerð:

Framkvæmdin felur í sér breytingu á gatnamótum Frakkastígs og Laugavegar. Verið er að afmarka byrjun göngugötunnar vestan við Frakkastíg og beina akandi umferð niður Frakkastíg. Framkvæmdin er hluti af því verkefni sem felur í sér að gera Laugaveg að göngugötu allt árið milli Ingólfsstrætis og Frakkastígs.

Kostnaðarstaður: 3105

Kostnaðaráætlun 2: 20 m.kr.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning



Laugavegur

Endurbætur við Frakkastíg

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur í sér breytingu á gatnamótum Frakkastígs og Laugavegar. Verið er að afmarka byrjun göngugötunnar vestan við Frakkastíg og beina akandi umferð niður Frakkastíginn. Sambærileg aðgerð var gerð á gatnamótum Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis og hefur gefið góða raun.

Helstu verkþættir:






- Upprif á núverandi köntum, hellulögn og malbiki
- Yfirferð yfir núverandi snjóbræðslu og jöfnun undir hellur
- Grásteinskantur niður Frakkastíg og yfir Laugaveg lagður / endurnýjaður
- Hellulögn og skiltun


Loka þarf fyrir umferð í fáeina daga meðan verið að vinna við kanta. Um er að ræða smávægilega truflun á umferð og tekið verður fullt tillit til aðfanga á meðan vinnu stendur.



Yfirlitsmynd

SKÝRINGAR:

-  Forsteyptur steinn í þrep, grár, 40x24x17
-  Herragarðssteinn, grár, lagður langsum, 20x10
-  Herragarðssteinn, grár, lagður þvert, 20x10
-  Torgsteinn, svartur, 22x14,6
16,5x14,6
11x14,6
-  Herragarðssteinn í þremur litum, lagður í fiskibeinamynd
-  Grásteinskantur
-  Nýtt tré
-  Núverandi tré
-  Ný blómaker
-  Núverandi ruslastampar





Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina er 17.5 mkr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í lok apríl og áætlað að þeim ljúki í maí 2022.



Markmið og stefna

Framkvæmdin er hluti af stærra verkefni sem felur í sér að gera Laugaveg að göngugötu allt árið milli Ingólfsstrætis og Frakkastígs.

Í samþykktu deiliskipulagi fyrir svæðið segir:

Samþykkt var í Borgarstjórn Reykjavíkur 4. september 2018 að fela umhverfis- og skipulagssviði að útfæra Laugaveg og Bankastræti sem göngugötur allt árið, ásamt þeim götum í Kvosinni sem koma til greina sem göngugötur. Jafnframt verði sviðinu falið að útfæra endurhönnun umræddra göngusvæða m.t.t. öryggis og vellíðanar gangandi vegfarenda og vandaðrar borgarhönnunar.

Algild hönnun með aðgengi fyrir alla verði höfð að leiðarljósi við útfærsluna í samráði við notendur og fjölmörg hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Enn fremur verði sviðinu falið að útfæra skilvirka og örugga vörulosun á göngugötum í samráði við verkefnastjóra miðborgar og hagsmunaaðila.

Víðtækt samráðsferli hefur þegar átt sér stað við hagsmunaaðila, enda mætast hagsmunir margra við Laugaveg og því hefur verið leitast eftir að fá hugmyndir og gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með ábendingar og hugmyndir að því hvernig best sé að standa að fyrirhuguðum varanlegum breytingum. Nú þegar hefur verið rætt við samtök kaupmanna (miðborgin okkar og Miðbæjarfélagið) og Öryrkjabandalíð (ÖBÍ) og mun sú vinna halda áfram í gegnum allt hönnunarferlið.



Reykjavík